

Mál nr. 67/2015
M og
V v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins X.

Tjón á bifreið vegna holu í malbiki 29. desember 2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið 19. febrúar 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 18. mars 2015.
3. Tölvupóstsamskipti V og X, send með tölvupósti 25. mars 2015.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu M til V dags. 5. janúar 2015 kemur fram að hann hafi ekið bifreið sinni ofan í holu á Dalvegi í Kópavogi þann 29. desember 2014 kl. 19:45. Einnig liggur fyrir tilkynning til lögreglu dags. 31. desember 2014 um atvikið. M lýsir holunni sem stórri og lýsir tjóni á dekki og felgu bifreiðar sinnar eftir að hann ók í holuna.

M telur að umrædd hola hafi verið 1mx60cm að stærð og um 30 cm djúp og ályktar út frá því að holan hafi verið einhverja daga að myndast. Dekki á bifreið hans hafi verið ný og sé tjón á þeim eingöngu hægt að rekja til þess að hola í malbiki götunnar hafi verið til þess fallin að skapa hættu. M telur að X beri skaðabótaábyrgð vegna vanrækslu á eftirliti með götum bæjarins og að það hefði átt að vera búið að gera ráðstafanir vegna umræddrar holu fyrr.

V bendir á að starfsmenn X sem sinna eftirliti með götum hafi hætt störfum kl. 17 þann dag sem M varð fyrir tjóni en tjónið hafi ekki orðið fyrr en kl. 19:45. V vísar auk þess til samskipta við starfsmann X þar sem kemur fram að ekki hafi legið fyrir upplýsingar hjá X um umrædda holu fyrr en 30. desember 2014 og þá hafi strax verið gerðar ráðstafanir til að gera við hana. V telur af framansögðu að ekki hafi verið sýnt fram á að starfsmenn X hafi sýnt vanrækslu við ráðstafanir vegna holu á þessum stað þar sem þeim hafi ekki verið kunnugt um hana, né heldur að sýnt sé fram á að almennt hafi eftirlit verið vanrækt.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að tjón varð á bifreið M þegar henni var ekið í holu á Dalvegi í Kópavogi. M ber sönnunarbyrði vegna skilyrða skaðabótaábyrgðar sveitarfélagsins X vegna tjónsins. Ljóst er af gögnum málsins að ekki hafði verið tilkynnt um umrædda holu til X áður en tjón varð og ekki liggja heldur fyrir gögn eða frekari upplýsingar sem sýna fram á að starfsmenn X hafi vanrækt eftirlitsskyldu sína gagnvart mögulegum skemmdum á þessum stað. Að þessu sögðu telst ekki sýnt fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar sé fullnægt vegna tjóns á bifreið M og á hann því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 31. mars 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.